



## 518. Stjórnarfundur haldinn 7. febrúar 2019 kl:18:00

### Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Már Bragason (BMB), Eva Björk Sveinsdóttir (ES) og Sveinn Adolfofsson (SA).

Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI).

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Engin.

### 3. Send bréf

Engin.

### 4. Aðalfundur deilda Keflavíkur 2019

Allar deildir félagsins hafa lokið sínum aðalfundum. Formannskipti urðu í taekwondodeild, en Helena Rut Borgarsdóttir tók við af Jóni Oddi Guðmundssyni og í blakdeild tók Guðrún Jóna Árnadóttir við af Svandísi Þorsteinsdóttur. Jákvæð niðurstaða reikningar var í öllum deildum nema einni. Ekki var mikið um manna breytingar í stjórnnum. Starfsmerki voru veitt á aðalfundum deilda og veitt voru eitt gullmerki, tvö silfurmerki og ellefu bronsmerki.

### 5. Aðalfundur Keflavíkur

Aðalfundur Keflavíkur verður haldinn 5. Mars kl. 20:00 í félagsheimili Keflavíkur. Farið var yfir minnispunkta fyrir aðalfundinn. Ákveðið að XXXXXX fengið starfsbikarinn. Skoða með heiðursviðurkenningar. EH, KG, BMB og ES hafa ákveðið að gefa kost á sér til endurkjörs. SA hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs. PMK og BSS sitja áfram en þau voru kosin til tveggja ára á síðasta aðalfundi. BI var ekki á fundinum og hefur ekki gefið upp hvort hann gefi kost á sér til endurkjörs.

### 6. Jafnréttisáætlun Keflavíkur

EH kynnti leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlun fyrir Keflavík. Ákveðið að fara betur yfir hana á næsta stjórnarfundum.

### 7. Persónuverndarstefna Keflavíkur

EH sagði frá kynningarfundum sem hann sat vegna persónuverndarlaga. Keflavík þarf að gera vinnsluskrá. *Frankvæmdastjóra falið að vinna áfram með málið.*

### 8. Önnur mál

EH sagði frá því að BMB hefði sent sér tölvupóst og óskað eftir upplýsingum um hvað önnur sveitarfélög væru að setja í innra starf félaga. EH er búin að senda á félögin og sum hafa þegar svarað. Áfram verður unnið í því að afla gagna.

Næsti fundur verður 21. febrúar 2019.  
Fundum slitið kl. 19:10 Fundum ritaði BS.

